

**Bókun
um breytingu á
samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun
að því er varðar skatta á tekjur og eignir**

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem óska að gera bókun um breytingu á samningnum frá 23. september 1996 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

sem gera sér ljóst, að því er Færeyjar varðar, að þeir málaflokkar sem samningur þessi tekur til heyra undir sjálfstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

Nýjum þriðja og fjórða málslíð er bætt við 3. mgr. 10. gr. samningsins:

„Þegar félag, sem hefur heimilisfesti í samningsríki, á eignarhlutdeild í félagi, sem greiðir ágóðahluti og er í öðru samningsríki, gegnum ein eða fleiri samtök aðila skal litið svo á að félagið eigi, að því er beitingu ákvæða þessarar málsgreinar varðar, með beinum hætti eignarhlutdeild í því félagi sem greiðir ágóðahluti. Eignarhlutdeild félagsins í félaginu, sem greiðir ágóðahluti, á grundvelli þessa eignarréttar skal talin samsvara þeirri eignarhlutdeild sem félagið á í félaginu, sem greiðir ágóðahluti, gegnum viðkomandi samtök aðila, ein eða fleiri.“

II. gr.

Nýjum öðrum málslíð er bætt við 6. mgr. 10. gr. samningsins:

„Til ágóðahluta teljast einnig tekjur af fyrirkomulagi sem felur í sér rétt til hlutdeildar í ágóða að svo miklu leyti sem lög þess samningsríkis, þaðan sem tekjurnar koma, kveða á um að með slíkar tekjur skuli fara sem ágóðahluti.“

III. gr.

Í stað ákvæðisins í 7. mgr. 13. gr. samningsins kemur eftirfarandi:

„7. Hagnað, sem vegna afhendingar hlutabréfa eða annarrar hlutareignar eða réttinda í félagi eða samtökum aðila kemur í hlut manns sem hefur haft heimilisfesti í samningsríki og hefur öðlast heimilisfesti í öðru samningsríki, má, þrátt fyrir ákvæði 6. mgr., skattleggja í fyrrnefnda samningsríkinu ef afhending hlutabréfanna,

hlutareignarinnar eða réttindanna á sér stað einhvern tíma á næstu tíu árum eftir það ár þegar maðurinn hætti að eiga heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu. Fyrrnefnda ríkið getur þó aðeins skattlagt þá verðmætisaukningu sem varð áður en maðurinn varð heimilisfastur í hinu samningsríkinu. Með réttindum í félagi eða samtökum aðila er í þessari málsgrein átt við réttindi eða aðrar eignir sem samkvæmt löggjöf fyrrnefnda ríkisins er við skattlagningu farið með á sama hátt og hagnað vegna afhendingar hlutareignar í félagi eða samtökum aðila.“

IV. gr.

Í a-lið 4. mgr. 15. gr. samningsins falla orðin „í flutningum á alþjóðaleiðum“ brott.

V. gr.

Í 1. mgr. 18. gr. samningsins koma orðin „má skattleggja“ í stað orðanna „skal einungis skattleggja“.

VI. gr.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 26. gr. samningsins falla brott.

5. mgr. 26. gr. verður hér eftir 3. mgr. 26. gr.

VII. gr.

Nýjum öðrum málslið verði bætt við 1. mgr. 28. gr. samningsins:

„Leggja ber málið fyrir innan fimm ára frá þeim degi þegar hann fær í hendur fyrstu tilkynningu um þá ráðstöfun sem felur í sér skattlagningu og er ekki í samræmi við ákvæði samningsins.“

VIII. gr.

Í bókuninni frá 23. september 1996 við samninginn fellur ákvæðið í 2. mgr. III. liðar brott og 3. mgr. III. liðar, sem hér eftir verður 2. mgr. III. liðar, breytist þannig að „1. mgr.“ kemur í stað „1. og 2. mgr.“.

IX. gr.

Í bókuninni frá 23. september 1996 við samninginn kemur eftirfarandi ákvæði í stað ákvæðisins í IV. lið sem fellur brott:

„Ákvæði 6. og 7. mgr. 13. gr. raska ekki rétti samningsríkis til að skattleggja, samkvæmt eigin löggjöf, innleystan hagnað sem aðili, sem flytur frá því samningsríki, telst hafa hlotið við brottflutninginn.“

X. gr.

Í bókuninni frá 23. september 1996 við samninginn verði bætt við nýjum VII. lið a á eftir VII. lið:

„VII. liður a. í 18. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. getur Finnland beitt eftirfarandi ákvæðum:

Eftirlaun- og lífeyrir, sem greiddur er frá öðru samningsríki en Finnlandi og greiðsla til manns, sem hefur heimilisfesti í Finnlandi, frá öðru samningsríki en Finnlandi samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess samningsríkis skal einungis skattleggja í fyrrnefnda ríkinu. Ákvæði þetta gildir hafi maðurinn verið heimilisfastur í Finnlandi hinn 4. apríl 2008 og fengið slíkar tekjur greiddar á þeim tíma. Fyrirnefnd ákvæði gilda eingöngu meðan maðurinn er óslitið með heimilisfesti í Finnlandi.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. getur Svíþjóð beitt eftirfarandi ákvæðum:

Eftirlaun og lífeyrir, sem greiddur er frá öðru samningsríki en Svíþjóð og greiðsla til manns, sem hefur heimilisfesti í Svíþjóð, frá öðru samningsríki en Svíþjóð samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess samningsríkis skal einungis skattleggja í fyrrnefnda ríkinu. Ákvæði þetta gildir hafi viðkomandi maður verið heimilisfastur í Svíþjóð hinn 4. apríl 2008 og fengið slíkar tekjur greiddar á þeim tíma. Fyrirnefnd ákvæði gilda eingöngu meðan maðurinn er óslitið með heimilisfesti í Svíþjóð. “

XI. gr.

Í XI. lið bókunarinnar frá 23. september 1996 við samninginn kemur vísun til „3. mgr. 26. gr.“ í stað vísunar til „5. mgr. 26. gr.“.

XII. gr.

Í bókuninni frá 23. september 1996 við samninginn fellur ákvæðið í 3. mgr. XII. liðar brott.

XIII. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á fjórtánda degi eftir þann dag er öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að bókunin hafi verið staðfest. Finnska

utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag þegar bókunin öðlast gildi.

2. Eftir að bókunin hefur öðlast gildi skal ákvæðum hennar beitt að því er tekur til skatta sem eru ákvarðaðir fyrir skattaár sem hefst 1. janúar það almanaksár sem kemur næst því ári þegar bókunin öðlast gildi, eða seinna.

3. Bókun þessi gildir jafnlengi og samningurinn er í gildi.

Afhenda ber frumrit bókunar þessarar til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest eintök af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 4. apríl 2008 í einu eintaki á dönsku, finnsku, færeysku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.